



Flog hjá barni

fyrsta hjálp




Flogaveiki er taugasjúkdómur sem einkennist af endurteknum flogum og orsakast af breytingum á rafboðum í heila. Einkenni floga geta verið mismunandi, allt frá því að vera örstuttar stöður í það að vera stór flog með vöðvakippum og skertri meðvitund.

Á Íslandi greinast um 50 börn á ári með flogaveiki. Flest börn svara meðferð vel.

Fyrsta hjálp við flogi

- Verið róleg, barnið finnur ekki til í kastinu og það hættir oftast af sjálfu sér eftir 1-3 mínútur
- Komið í veg fyrir meiðsli á höfði, leggið til dæmis eitthvað mjúkt undir höfuð.
- Fjarlægjið hluti í umhverfi sem barnið getur meitt sig á.
- Hindrið ekki hreyfingar barns í flogi.
- Setjið ekkert í munn barns í flogi, því það getur skaðað tennur.
- Leggið barnið á hlið þegar flogið hættir og verið hjá því þar til fullri meðvitund er náð. Barnið má sofna eftir flogið.



RRK 2018

Hringdu í 112 ef:

- Þetta er fyrsta eða annað flog sem barnið fær
- Flogið varir lengur en 3-5 mínútur
- Flogið endurtekur sig
- Barnið fær flog í vatni
- Barnið hefur meitt sig
- Þú veist ekki hvað á að gera
- Barnið andar ekki
- Breyting er á flogum hjá barni sem er með flogaveiki

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.